

A 1873/vækst

Flytjandi Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um sjálfbæran námugróft og jarðefnavinnslu á Norðurlöndum

Tillaga

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún geri grein fyrir hvernig rannsókninni „[Towards Sustainability in Nordic Mining](#)“ hefur verið fylgt eftir;

að hún geri grein fyrir framvindu vinnunnar að samnorrænum viðmiðum fyrir sjálfbæran námugróft og jarðefnavinnslu.

Bakgrunnur

Námugróftur á sér langa sögu á Norðurlöndum en nú eiga sér stað miklar breytingar innan atvinnugreinarinnar. Unnið er af kappi við að skipuleggja og þróa fjölda nýrra verkefna. Setur þetta einnig mark sitt á stjórn málaumræðuna í löndunum. Í Finnlandi er t.a.m. verið að ræða nýja löggjöf en í Noregi hefur lengi verið rætt um lögmæti þess að úrgangur úr nýjum námugreftri er losaður í hafið.

Flokkahópur miðjumanna telur mikilvægt að hvetja til þróunar atvinnuvegarins en að starfsemin fari fram með sjálfbærum hætti.

Í janúar 2013 flutti flokkahópur miðjumanna [þingmannatillögu um viðmið fyrir sjálfbæran námurekstur og jarðefnavinnslu á Norðurlöndum](#). Efnahags- og viðskiptanefnd Norðurlandaráðs fékk tillöguna til meðferðir og bætti við tillögulið um norræna yfirlýsingu/ stefnuskrá með viðmiðum fyrir sjálfbæran námurekstur og jarðefnavinnslu sem gætu legið til grundvallar við gerð nýrra reglugerða á alþjóðavísu. Einnig var óskað eftir því að viðmiðin tækju tillit til náttúru- og vatnsverndarsjónarmiða, réttinda frumbyggja, heimamanna og atvinnulífs.

Á fundinum á Akureyri 2014 var tillagan samþykkt og ákveðið að beina [tilmælunum til ráðherranefndarinnar](#). Í [svari ráðherranefndarinnar](#) segir að ráðherrarnir taki undir að samnorræn viðmið séu mikilvæg til að tryggja sjálfbæra þróun umræddrar atvinnugreinar. Ráðherranefndin benti á að sérfræðingahópurinn NordMin ráðgerði rannsókn á sjálfbærni viðmiðum (Sustainability Criteria for the Nordic Extractive Industry) og yrðu niðurstöður hennar afhentar ráðherrunum á seinni hluta árs 2016.



Rannsóknarskýrslan ([Towards Sustainability in Nordic Mining](#)) var kynnt árið 2016 með tillögum um stjórnarhætti fyrirtækja, rekstrarvenjur, efnahagslega þætti, mannréttindi, vinnuaðstæður, samfélag og umhverfi. Einkum en ekki eingöngu voru viðmið um stjórnarhætti fyrirtækja, mannréttindi og umhverfismál talin mikilvæg.

NordMin-sérfræðingahópurinn var leystur upp ári síðar. Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni hafa ekki borist neinar fréttir frá ráðherranefndinni um að starfinu hafi verið haldið áfram. Flokkahópur miðjumanna hefur áhyggjur af því að því góða verki sem unnið var verði aðeins fylgt eftir með hangandi hendi eða alls ekki.

Fjarfundur 12. apríl 2021

Anders Eriksson (ÅF)

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Bertel Haarder (V)

Edmund Joensen (sb)

Erling Bonnesen (V)

Heli Järvinen (gröna)

Inga Sæland (Flf)

Jaspur Langgaard (sb)

Joakim Strand (sv)

Jouni Ovaska (cent)

Ketil Kjenseth (V)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Linda Modig (C)

Magnus Ek (C)

Mikko Kinnunen (cent)

Mikko Kärnä (cent)

Ole André Myhrvold (Sp)

Rebecka Le Moine (gröna)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)

Simon Holmström (HI)

Torhild Bransdal (KrF)